

AUGLÝSING

um bókun við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu.

Hinn 14. júní 2017 var framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar, sem samþykkt var 11. júní 2014 í Genf á 103. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu frá 28. júní 1930, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 37 þar sem samþykktin er birt.

Bókunin öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 14. júní 2018 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 3. mars 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**BÓKUN
VIÐ SAMÞYKKT UM NAUÐUNGARVINNU, 1930****Inngangsorð.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórnarnefnd stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 103. sinn hinn 28. maí 2014 og

viðurkennir að bann við nauðungarvinnu eða skylduvinnu er órofa hluti af grundvallarréttindum og að nauðungarvinna eða skylduvinna brýtur í bága við mannréttindi og reisu milljóna kvenna og karla, stúlkna og drengja, stuðlar að viðhaldi fátæktar og stendur í vegi fyrir því að allir fái mannsæmandi vinnu og

viðurkennir mikilvægi hlutverks samþykktarinnar um nauðungarvinnu, 1930 (nr. 29), hér á eftir nefnd „samþykktin“, og samþykktar um afnám nauðungarvinnu, 1957 (nr. 105), í baráttunni gegn hvers kyns nauðungarvinnu eða skylduvinnu en að gloppur í framkvæmd kalli á frekari ráðstafanir og

hefur hugfast að skilgreining á nauðungarvinnu eða skylduvinnu, skv. 2. gr. samþykktarinnar, nær til hvers konar nauðungarvinnu eða skylduvinnu og á við um allar manneskjur án aðgreiningar og

leggur áherslu á hversu brýnt er að útrýma hvers konar nauðungarvinnu og skylduvinnu og

minnast þeirra skuldbindinga aðildarríkjanna, sem hafa fullgilt samþykktina, til að gera nauðungarvinnu eða skylduvinnu að refsiverðum verknaði og til að tryggja að viðurlög, samkvæmt lögum, séu í raun fullnægjandi og framfylgt af festu og

veitir því athygli að aðlögunartíminn, sem um getur í samþykktinni, er liðinn og að ákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3.–24. gr. eiga ekki lengur við og

viðurkennir að samhengi og form nauðungarvinnu eða skylduvinnu hefur breyst og mansal í tengslum við nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem kann að fela í sér kynferðislega misnotkun, er vaxandi alþjóðlegt áhyggjuefni sem krefst bráðra aðgerða til skilvirks afnáms hennar og

veitir því athygli að sífellt fleira launafólk er hneppt í nauðungarvinnu eða skylduvinnu í einka-geiranum, að tiltekna greinar atvinnulífsins eru sérstaklega berskjaldaðar gagnvart því og að tilteknum hópum launafólks er hættara en öðrum við að verða fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sérstaklega farandfólk, og

veitir því athygli að árangursríkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu stuðlar að því að tryggja sanngjarna samkeppni meðal atvinnurekenda sem og vernd launafólks og

minnist viðeigandi alþjóðlegra krafna um vinnuskilyrði, einkum

samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948 (nr. 87),

samþykktar um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega , 1949 (nr. 98),

samþykktar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951 (nr. 100),

samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, 1958 (nr. 111),

samþykktar um lágmarksaldur við vinnu, 1973 (nr. 138),

samþykktar um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182), samþykktar um búferlaflutninga í atvinnuskyni (endurskoðuð), 1949 (nr. 97),

samþykktar um farandverkafólk (viðbótarákvæði), 1975 (nr. 143),

samþykktar um þjónustufólk á heimilum, 2011 (nr. 189), samþykktar um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 181),

samþykktar um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, 1947 (nr. 81),

samþykktar um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 129)

sem og

yfirlýsingar Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu (1998) og

yfirlýsingar Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu

(2008) og

veitir öðrum viðeigandi alþjóðlegum gerningum athygli, einkum

almennu mannréttindayfirlýsingunni (1948),

alþjóðasamþykkt um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (1966),

alþjóðasamþykkt um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (1966),

samþykkt um afnám þrælahalds (1926), viðbótarsamningi um afnám þrælahalds, þrælasölu og stofnana og framkvæmda er líkjast þrælahaldi (1956), samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (2000), bókun til þess að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (2000), bókun gegn smygli farandfólks á landi, sjó og í lofti (2000), alþjóðasamningi um verndun réttinda allra farandverkamanna og aðstandenda þeirra (1990), samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (1984), samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979), og

samningi um réttindi fatlaðs fólks (2006) og

hefur ákveðið að samþykkja tiltekna tillögur til að fylla upp í gloppur í framkvæmd samningsins og áréttað að aðgerðir um forvarnir, vernd og úrræði, s.s. bætur og endurhæfing, eru nauðsynlegar til að unnt sé að afnema skilvirkt og varanlega nauðungarvinnu eða skylduvinnu samkvæmt fjórða dagskrárliði þingsins og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi bókunar við samþykktina,

samþykkir hinn 11. júní 2014 eftirfarandi bókun, sem nefna má bókunina frá 2014, við samþykkt um nauðungarvinnu, 1930.

1. gr.

1. Þegar sérhvert aðildarríki hrindir í framkvæmd skyldum sínum um að afnema nauðungarvinnu eða skylduvinnu, samkvæmt samþykktinni, skal það grípa til virkra ráðstafana til að koma í veg fyrir og afnema beitingu hennar, að veita fórnarlömbum vernd og aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, s.s. bótum, og að þeir sem standa fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu sæti viðurlögum.
2. Sérhvert aðildarríki skal móta stefnu og áætlun á landsvísu um skilvirkt og viðvarandi afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks, sem skal fela í sér kerfisbundnar aðgerðir af hálfu lögbærra stjórnvalda og, eins og við á, í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks, auk annarra hópa sem málið varðar.
3. Skilgreiningin á nauðungarvinnu eða skylduvinnu í samþykktinni er áréttuð og því skulu ráðstafanirnar, sem um getur í bókun þessari, fela í sér sérstakar aðgerðir gegn mansali í tengslum við nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

2. gr.

Þær ráðstafanir sem grípa á til í því skyni að koma í veg fyrir nauðungarvinnu eða skylduvinnu skulu fela í sér:

- a) að fræða og upplýsa fólk, einkum það sem talið er sérstaklega berskjaldað, í því skyni að koma í veg fyrir að það þurfi að sæta nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
- b) að fræða og upplýsa atvinnurekendur, í því skyni að koma í veg fyrir að þeir verði viðriðnir nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
- c) aðgerðir til að tryggja:
 - i. að umfang og framkvæmd löggjafar, sem tengist fyrirbyggjandi aðgerðum gegn nauðungarvinnu eða skylduvinnu, þ.m.t. vinnuréttur, eftir því sem við á, gildi um allt launafólk og allar greinar atvinnulífsins og
 - ii. að vinnueftirlit og önnur þjónusta, sem ber ábyrgð á framkvæmd þessarar löggjafar, sé styrkt,
- d) að vernda einstaklinga, einkum farandlaunafólk, gegn hugsanlegri misnotkun og sviksamlegri meðferð meðan á ráðningar- eða vistunarferli stendur,
- e) að stuðla að því að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar sýni tilhlýðilega natni við að koma í veg fyrir og bregðast við hættu á nauðungarvinnu eða skylduvinnu og
- f) að bregðast við frumorsökum þess sem veldur aukinni hættu á nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

3. gr.

Sérhvert aðildarríki skal grípa til virkra ráðstafana til að bera kennsl á, leysa úr fjötrum, vernda, endurheimta og endurhæfa öll fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu auk þess að veita hvers konar aðra aðstoð og stuðning.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að öll fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu, óháð veru þeirra eða réttarstöðu á landsvæði þeirra, hafi aðgang að viðeigandi og skilvirkum úrræðum, svo sem bótum.
2. Sérhvert aðildarríki skal, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær stjórnvöld hafi ekki rétt til að lögsækja eða beita fórnarlömb nauðungarvinnu eða skylduvinnu viðurlögum við ólöglegu athæfi sem þau hafa verið þvinguð til þess að fremja og er bein afleiðing þess að þau sættu nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

5. gr.

Aðildarríki skulu eiga samstarf um að hindra og útrýma með tryggum hætti hvers konar nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

6. gr.

Ráðstafanir, sem gerðar eru til að beita ákvæðum þessarar bókunar og samþykktarinnar, skulu ákvarðaðar í landslögum eða reglugerðum eða af hálfu lögbærra stjórnvalda, að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks.

7. gr.

Bráðabirgðaákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3.–24. gr. samþykktarinnar skulu falla brott.

8. gr.

1. Aðildarríki getur fullgilt bókun þessa á sama tíma eða hvenær sem er eftir fullgildingu samþykktarinnar, með því að senda formlega tilkynningu til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.
2. Bókunin öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum. Síðan tekur bókun þessi gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf

mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð og samþykktin skal vera bindandi fyrir hlutaðeigandi aðila auk 1.–7. gr. þessarar bókunar.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur fullgilt bókun þessa, getur sagt henni upp hvenær sem samþykktin er opin til uppsagnar, í samræmi við 30. gr. hennar, með tilkynningu sem send er forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.
2. Uppsögn samþykktarinnar, í samræmi við 30. eða 32. gr. hennar, skal, samkvæmt lögum, fela í sér uppsögn bókunar þessarar.
3. Uppsögn í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar skal ekki koma til framkvæmda fyrr en einu ári eftir þann dag sem hún er skráð.

10. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag bókunin gangi í gildi.

11. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir sem skráðar eru hjá forstjóranum.

12. gr.

Enskur og franskur texti bókunar þessarar er jafngildur.

PROTOCOL
OF 2014 TO THE FORCED LABOUR CONVENTION, 1930

Preamble

The General Conference of the International Labour Organization,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its 103rd Session on 28 May 2014, and

Recognizing that the prohibition of forced or compulsory labour forms part of the body of fundamental rights, and that forced or compulsory labour violates the human rights and dignity of millions of women and men, girls and boys, contributes to the perpetuation of poverty and stands in the way of the achievement of decent work for all, and

Recognizing the vital role played by the Forced Labour Convention, 1930 (No. 29), hereinafter referred to as “the Convention”, and the Abolition of Forced Labour Convention, 1957 (No. 105), in combating all forms of forced or compulsory labour, but that gaps in their implementation call for additional measures, and

Recalling that the definition of forced or compulsory labour under Article 2 of the Convention covers forced or compulsory labour in all its forms and manifestations and is applicable to all human beings without distinction, and

Emphasizing the urgency of eliminating forced and compulsory labour in all its forms and manifestations, and

Recalling the obligation of Members that have ratified the Convention to make forced or compulsory labour punishable as a penal offence, and to ensure that the penalties imposed by law are really adequate and are strictly enforced, and

Noting that the transitional period provided for in the Convention has expired, and the provisions of Article 1, paragraphs 2 and 3, and Articles 3 to 24 are no longer applicable, and

Recognizing that the context and forms of forced or compulsory labour have changed and trafficking in persons for the purposes of forced or compulsory labour, which may involve sexual exploitation, is the subject of growing international concern and requires urgent action for its effective elimination, and

Noting that there is an increased number of workers who are in forced or compulsory labour in the private economy, that certain sectors of the economy are particularly vulnerable, and that certain groups of workers have a higher risk of becoming victims of forced or compulsory labour, especially migrants, and

Noting that the effective and sustained suppression of forced or compulsory labour contributes to ensuring fair competition among employers as well as protection for workers, and

Recalling the relevant international labour standards, including, in particular, the Freedom of Association and Protection of the Right to Organise Convention, 1948 (No. 87), the Right to Organise and Collective Bargaining Convention, 1949 (No. 98), the Equal Remuneration Convention, 1951 (No. 100), the Discrimination (Employment and Occupation) Convention, 1958 (No. 111), the Minimum Age Convention, 1973 (No. 138), the Worst Forms of Child Labour Convention, 1999 (No. 182), the Migration for Employment Convention (Revised), 1949 (No. 97), the Migrant Workers (Supplementary Provisions) Convention, 1975 (No. 143), the Domestic Workers Convention, 2011 (No. 189), the Private Employment Agencies Convention, 1997 (No. 181), the Labour Inspection Convention, 1947 (No. 81), the Labour Inspection (Agriculture) Convention, 1969 (No. 129), as well as the ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work (1998), and the ILO Declaration on Social Justice for a Fair Globalization (2008), and

Noting other relevant international instruments, in particular the Universal Declaration of Human Rights (1948), the International Covenant on Civil and Political Rights (1966), the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights (1966), the Slavery Convention (1926), the Supplementary Convention on the Abolition of Slavery, the Slave Trade, and Institutions and Practices Similar to Slavery (1956), the United Nations Convention against Transnational Organized Crime (2000), the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children (2000), the Protocol against the Smuggling of Migrants by Land, Sea and Air (2000), the International Convention on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of Their Families (1990), the Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (1984), the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women (1979), and the Convention on the Rights of Persons with Disabilities (2006), and

Having decided upon the adoption of certain proposals to address gaps in implementation of the Convention, and reaffirmed that measures of prevention, protection, and remedies, such as compensation and rehabilitation, are necessary to achieve the effective and sustained suppression of forced or compulsory labour, pursuant to the fourth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of a Protocol to the Convention;

adopts this eleventh day of June two thousand and fourteen the following Protocol, which may be cited as the Protocol of 2014 to the Forced Labour Convention, 1930.

Article 1

1. In giving effect to its obligations under the Convention to suppress forced or compulsory labour, each Member shall take effective measures to prevent and eliminate its use, to provide to victims protection and access to appropriate and effective remedies, such as compensation, and to sanction the perpetrators of forced or compulsory labour.
2. Each Member shall develop a national policy and plan of action for the effective and sustained suppression of forced or compulsory labour in consultation with employers' and workers' organizations, which shall involve systematic action by the competent authorities and, as appropriate, in coordination with employers' and workers' organizations, as well as with other groups concerned.
3. The definition of forced or compulsory labour contained in the Convention is reaffirmed, and therefore the measures referred to in this Protocol shall include specific action against trafficking in persons for the purposes of forced or compulsory labour.

Article 2

The measures to be taken for the prevention of forced or compulsory labour shall include:

- a) educating and informing people, especially those considered to be particularly vulnerable, in order to prevent their becoming victims of forced or compulsory labour;
- b) educating and informing employers, in order to prevent their becoming involved in forced or compulsory labour practices;
- c) undertaking efforts to ensure that:
 - i. the coverage and enforcement of legislation relevant to the prevention of forced or compulsory labour, including labour law as appropriate, apply to all workers and all sectors of the economy; and
 - ii. labour inspection services and other services responsible for the implementation of this legislation are strengthened;
- d) protecting persons, particularly migrant workers, from possible abusive and fraudulent practices during the recruitment and placement process;
- e) supporting due diligence by both the public and private sectors to prevent and respond to risks of forced or compulsory labour; and
- f) addressing the root causes and factors that heighten the risks of forced or compulsory labour.

Article 3

Each Member shall take effective measures for the identification, release, protection, recovery and rehabilitation of all victims of forced or compulsory labour, as well as the provision of other forms of assistance and support.

Article 4

1. Each Member shall ensure that all victims of forced or compulsory labour, irrespective of their presence or legal status in the national territory, have access to appropriate and effective remedies, such as compensation.
2. Each Member shall, in accordance with the basic principles of its legal system, take the necessary measures to ensure that competent authorities are entitled not to prosecute or impose penalties on victims of forced or compulsory labour for their involvement in unlawful activities which they have been compelled to commit as a direct consequence of being subjected to forced or compulsory labour.

Article 5

Members shall cooperate with each other to ensure the prevention and elimination of all forms of forced or compulsory labour.

Article 6

The measures taken to apply the provisions of this Protocol and of the Convention shall be determined by national laws or regulations or by the competent authority, after consultation with the organizations of employers and workers concerned.

Article 7

The transitional provisions of Article 1, paragraphs 2 and 3, and Articles 3 to 24 of the Convention shall be deleted.

Article 8

1. A Member may ratify this Protocol at the same time as or at any time after its ratification of the Convention, by communicating its formal ratification to the Director-General of the International Labour Office for registration.
2. The Protocol shall come into force twelve months after the date on which ratifications of two Members have been registered by the Director-General. Thereafter, this Protocol shall come into force for a Member twelve months after the date on which its ratification is registered and the Convention shall be binding on the Member concerned with the addition of Articles 1 to 7 of this Protocol.

Article 9

1. A Member which has ratified this Protocol may denounce it whenever the Convention is open to denunciation in accordance with its Article 30, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.
2. Denunciation of the Convention in accordance with its Articles 30 or 32 shall ipso jure involve the denunciation of this Protocol.
3. Any denunciation in accordance with paragraphs 1 or 2 of this Article shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organization of the registration of all ratifications, declarations and denunciations communicated by the Members of the Organization.

2. When notifying the Members of the Organization of the registration of the second ratification, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organization to the date upon which the Protocol shall come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations, for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations, full particulars of all ratifications, declarations and denunciations registered by the Director-General.

Article 12

The English and French versions of the text of this Protocol are equally authoritative.